

## 17. aðalfundur Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar ÆSKP

Miðvikudaginn 8. mars 2023 kl. 17.30.

Haldinn í Neskirkju

- Fundur settur kl. 17.35.
- 13 viðstaddir fundinn í Neskirkju. 3 viðstaddir fundinn á Zoom.

### 1. Kosning fundarstjóra

- Ása Laufey Sæmundsdóttir er kosin fundarstjóri.

### 2. Kosning ritara

- Daníel Águst Gautason er kosinn ritari.

### 3. Skýrsla formanns

- Aldís Elva les skýrslu formanns fyrir hönd Berglindar Hönnudóttur formanns. Sjá nánar í skýrslu.
- Starfsárið 2022-2023 var ennþá lítað af heimsfaraldri. Það hafði bæði áhrif á störf ÆSKP og einnig æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar almennt um allt land.
- Jónína Sif framkvæmdarstjóri var í barneignarleyfi.
- Jóhanna Ýr var ráðin framkvæmdarstjóri í hennar fjarveru. og sinnti hún starfinu fram í febrúar 2023.
- Sigurður Óskar Óskarsson var ráðinn sem verkefnastjóri Gleðigöngunnar.
- Í fyrsta skipti var enginn vísir af Landsmóti haldið.

### 4. Skýrsla framkvæmdarstjóra

- Jónína Sif les skýrslu framkvæmdarstjóra. Sjá nánar í skýrslu.
- Hún var í fæðingarorlofi fram að nóvember 2022 og því er skýrslan skiljanlega óvenjuleg.
- Rask var á viðburðum ÆSKP vegna starfsmannabreytinga.
- Kirkjuping unga fólksins fór fram í maí. Kristján Águst Kjartansson var verkefnastjóri þingsins.
- Landsmót ÆSKP var aflýst þar sem ekki var hægt að safna saman nógu mörgum áhugasönum leiðtogum og sjálfbóðaliðum. Það var sárt að svona skyldu málin fara. Landsmót verður haldið næst í október 2023.
- Leiðtogaskólinn er metnaðarfullt verkefni sem að byggir upp unga og efnilega leiðtoga.
- ÆSKP á ekki fulltrúa í EF um þessar mundir en það væri gott fyrir sambandið að eiga fulltrúa næsta árið. Það myndi efla erlent samstarf og milligöngu að erlendum verkefnum.

### 5. Ársreikningur

- Jónína Sif les ársreikninginn í fjarveru Önnu Lilju gjaldkera. Sjá nánar í ársreikningi.

- Styrkir voru upp á 6.400.000 kr.
- Engar tekjur voru af landsmóti.
- Engar tekjur voru af félagsgjöldum. Ástæðan er sú að ekki var haldið landsmót og viðburðir voru í lágmarki. Launatengd gjöld voru einni lægri. Því var ákveðið að gefa aðildarfélögum árið að kostnaðarlausu.
- Félagið kom vel undan árinu þrátt fyrir allt.
- Ekki voru miklar breytingar á eignum félagsins á milli ára.
- SMS-kerfið hækkar í kostnaði þar sem það var meiri notkun.
- Eva Björk Valdimarsdóttir telur jákvætt að aðilagjöld voru felld niður þetta ár, og að veittir voru styrkir til þeirra sem héldu minni móti á eigin vegum.
- Ársreikningurinn er samþykktur með meirihluta.

## 6. Fjárhagsáætlun

- Jónína Sif les fjárhagsáætlunina í fjarveru Önnu Lilju gjaldkera. Sjá nánar í fjárhagsáætlun.
- Fyrir þetta starfsár var fenginn styrkur fyrir 4.000.000 kr. Þessi styrkur hefur farið minnkandi síðastliðin ár.
- Ekki var sóttur styrkur fyrir Landsmót þar sem það var ekki haldið síðasta ár. Kostnaður Landsmóts 2023 er áætlaður 11.000.000 kr.
- Aðrir styrkir vegna landsmóts eru oft í formi „hluta“ og mats“
- Styrkur er fyrir Easter Course. ÆSKP sendir sex þátttakendur á viðburðinn, sem er mikill styrkur.
- Laun og launatengd gjöld eru stærsti kostnaður samtaka líkt og ÆSKP er.
- Alls verða gjöldin 20.515.000 kr. sem kallar á rekstrarhalla upp á 3.170.000 kr.
- *Aðildargjöld:*
  - Aðildargjöld hafa verið 25.000 kr. í langan tíma. Stjórnin leggur til að þau verða hækkuð í 30.000 kr.
  - Það er til að standa straum af SMS-kerfinu en einnig er hugmyndin að hækkun á gjaldi valdi því að aðildarfélög fái þá einn leiðtoga greiddan fyrir Landsmót.
  - Það gæti nálgast sá tími að ÆSKP fái lægri styrki frá Þjóðkirkjunni. Hugmynd er hvort að hækka eigi aðildargjöldin í takt við aðrar hækkanir í samféluginu, svo að ekki þurfi að hækka um of á einu bretti þegar byrjar að halla á rekstri.
  - Kosið er um hvort að gjaldið
    - Gjaldið haldist það sama.
    - Gjaldið hækki upp í 30.000 kr.
  - Samþykkt er með meirihluta að gjaldið hækki upp í 30.000 kr.
  - Kosið er um hvort að hækkun á gjaldi fari upp í kostnað á einn leiðtoga á Landsmóti. Það er samþykkt.
- Fjárhagsáætlunin er samþykkt með meirihluta.

## 7. Starfsáætlun 2023

- Jónína Sif les starfsáætlun 2023. Sjá nánar starfsáætlun 2023.
- *Janúarnámskeið* fór fram í Neskirkju 14. janúar.
  - Kynning á Erninum
  - Fokk me – Fokk you kynning.
  - Leiklistarnámskeið.
  - Vinnustofa um stöðu æskulýðsstarfs og framtíðarsýn.
- *Aðalfundur ÆSKP* fór fram í Neskirkju 8. mars.
- *Vaktu með Kristi*. Efni er tilbúið fyrir kirkjur sem vilja taka þátt í VMK og má finna það á heimasíðunni.
- *Easter Course* fer fram 1-9. Apríl í Kaupmannahöfn og í Langeland.
- *Kirkjuping unga fólksins (KUF)* fer fram 19-20. maí. Þetta verður 16. KUF.
- *Gleðigangan* fer fram 12. ágúst. Gaman er að segja frá því að ÆSKP eru með fyrstu samtökunum til að skrá sig á viðburðinn og stjórn Gleðidaga veit af okkur. Verkefnastýrur verða Jóna Þórdís Eggertsdóttir og Matthildur Bjarnadóttir.
- *Haustnámskeið ÆSKR*.
  - Námskeið frá Barnaheill – Save the Children á Íslandi sem heitir Verndari barnanna.
- *Leiðtogaskólinn* er samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKR, ÆSKA og Biskupsstofu.
- *Landsmót* er stærsta verkefni ÆSKP. Stefnt er á að halda mótið á Akranesi 13-15. október.
- *Aðalfundur European Fellowship* mun fara fram 27-28. október, að öllum líkindum í Ungverjalandi.
- *BE1 – Ecumenical course 2024* fer fram í janúar í Finnlandi.
- Starfsáætlunin er samþykkt samhljóða.

## 8. Kosning um formann til tveggja ára (1)

- Aldís Elva býður sig fram sem formaður.
- Hún er sjálfkjörin.

## 9. Kosning um gjaldkera til tveggja ára (1)

- Katrín Helga Ágústsdóttir býður sig fram sem gjaldkeri.
- Hún er sjálfkjörin.

## 10. Kosning um varamenn til eins árs (5)

- Sonja Kro býður sig fram sem varamann
- Eva Björk Valdimarsdóttir býður sig fram sem varamann.
- Rekekka Ingibjartsdóttir býður sig fram sem varamann
- Sigurður Óli Karlsson býður sig fram sem varamann.
- Sólveig Franklínsdóttir býður sig fram sem varamann.
- Þau eru öll sjálfkjörin.

**Í stjórн sitja þá frá og með 8. mars 2023**

Formaður: Aldís Elva Sveinsdóttir kt 311000-2250.

Gjaldkeri: Katrín Helga Ágústsdóttir kt 270394-2489

Meðstjórnendur: Ásmundur Máni Þorsteinsson kt 150800-3310, Dagur Fannar

Magnússon kt 100792-3389 og Sóley Adda Egilsdóttir kt 240700-3010.

Varamenn: Eva Björk Valdimarsdóttir kt 300778-4619, Sigurður Óli Karlsson kt

311204-2460, Sólveig Franklínsdóttir 041168-3589, Sonja Kro kt 010373-3369 og

Rekekka Ingibjartsdóttir kt 080296-3399.

**11. Kosning um skoðunarmenn reikninga (2)**

- Guðmundur Karl Einarsson býður sig fram sem skoðunarmann reikninga.
- Berglind Hönnudóttir býður sig fram sem skoðunarmann reikninga
- Þau eru sjálfkjörin.

**12. Önnur mál****• SMS-kerfi**

- Jónína Sif leggur fram mál um *SMS-kerfi ÆSKP*.
- Þegar Biskupsstofa stóð að kerfinu greiddu aðildarfélög fyrir hvert skeytí.
- Þegar ÆSKP tók við kerfinu var ákveðið að félagið myndi greiða þann kostnað til að byrja með, og yrði það tekið upp á hverju ári.
- Fundurinn lýsir ánægju yfir því að ÆSKP borgi skeytin. Þetta hefur gjarnan verið notað sem rök fyrir því að kirkjur fái aðild að ÆSKP.
- SMS-kerfið hefur einnig ákveðið forvarnargildi þar sem þetta eru einhliða skilaboð, sem og að það hvetur ekki þátttakendur til að vera inni á ákveðnum samfélagsmiðlum.

**• Lagabreyting**

- Jónína Sif leggur fram *lagabreytingu* á 5 gr. laga ÆSKP svo að hún verði svohljóðandi:
  - *Dagskrá aðalfundar, ársreikningur, lagabreytingartillögurr, starfsáætlun og önnur gögn sem teljast nauðsynleg skulu póstsend, send rafrænt til aðildarfélaga og/eða birt á heimasíðu ÆSKP viku fyrir aðalfund. Önnur mál og tillögur, sem aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á aðalfundi skulu berast stjórн eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.*
- Lagabreytingin er samþykkt með meirihluta.

**• Landsmótsnefnd**

- Eva Björk Valdimarsdóttir hvetur viðstandendur að bjóða sig fram í Landsmótsnefnd:

- Jens Elí Gunnarsson býður sig fram í Landsmótsnefnd.
- Petrína Inga Kristjánsdóttir býður sig fram í Landsmótsnefnd.

- Margrét Maya Osti býður sig fram í Landsmótsnefnd.
- Engin önnur mál eru lögð fram og fundi er slitið.
- Fundi slitið kl. 18.37.

Berglind Hönnud  
Fulltrúi stjórnar

Daniel Águst Gantason  
Fundaritari